



TÆKNIÞRÓUNARSJÓÐUR

Reglur og leiðbeiningar til umsækjenda

Haut 2022

Fyrirtækjastyrkir

SPROTI
VÖXTUR
SPRETTUR
MARKAÐUR

EFNISYFIRLIT

1. Tæknipróunarsjóður	4
1.1. Inngangur	4
1.2. Stjórn sjóðsins	4
1.3. Umsýsla sjóðsins.....	4
2. Styrkir Tæknipróunarsjóðs	5
2.1. Fyrirtækjastyrkur Sproti.....	5
2.2. Fyrirtækjastyrkur – Vöxtur	7
2.3. Fyrirtækjastyrkur – Sprettur (sótt um á Eyðublaði Vaxtar)	9
2.4. Markaður	10
2.5. Hverjir geta sótt um Fyrirtækjastyrki	11
2.6. Samþykktir verkþættir	12
2.7. Umsóknafrestur	14
3. Gerð umsóknar	15
3.1. Skráning umsóknar	15
3.2. Skráningareyðublað.....	15
3.3. Verkefnislýsing (textaskrá)	15
3.4. Útreikningar (Excel-skjalið).....	16
Rekstur.....	16
Forsendur veltu	16
Innlend verðmæti.....	17
Forsendur innlendra verðmæta	17
3.5. Önnur fylgigögn	17
4. Viðurkenndur kostnaður og fjármögnun.....	18
4.1. Viðurkenndur kostnaður í verkefnum	18
4.1.1. Laun og launatengd gjöld	18
4.1.2. Rekstrarvörur.....	18
4.1.3. Aðkeypt þjónusta	18
4.1.4. Ferðir og fundir.....	18
4.1.5. Afskriftir áhalda og tækja	18
4.1.6. Samrekstur og aðstaða (e. Overhead).....	19
4.2. Fjármögnunarliðir	19
5. Matsferli umsókna.....	19
5.1. Trúnaður	19

5.2. Vanhæfi	20
5.3. Fagráð og stjórn.....	20
5.4. Mat umsóknar af fagráði	20
5.5 Matsþættir.....	21
Nýnæmi	21
áhrif	21
Framkvæmd.....	22
5.6. Ákvörðun um úthlutun	22
5.7. Tilkygning um úthlutun	22
6. Samningur um framkvæmd verkefna.....	23
6.1. Verkefnisstjóri	23
6.2. Gengið til samninga og undirritun samnings.....	23
6.3. Samfjármögnun	23
6.4. Greiðslur til verkefna	23
6.5. Eignarréttur á niðurstöðum.....	24
7. Eftirfylgni	24
7.1. Framvinduskýrslur	24
7.2. Áfangaskýrslur	25
7.3. Lokaskýrslur	25
7.4. Önnur eftirfylgni verkefna	25
7.5. Framhaldsverkefni (verkefni til tveggja eða þriggja ára).....	25
8. Skilgreiningar	26
8.1. Minniháttar aðstoð (De minimis)	26
8.2. Illa stödd fyrirtæki	26
8.3 Stærð fyrirtækja	27
9. Formkröfur	28
9.1 Formkröfur fyrir Sprotta	28
9.2 Formkröfur fyrir Vöxt	28
9.3 Formkröfur fyrir Markað	29

1. TÆKNIPRÓUNARSJÓÐUR

1.1. INNGANGUR

Hlutverk Tæknipróunarsjóðs er að styðja þróunarstarf og rannsóknir sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Markmiðin eiga að leiða til endurnýjunar og bættrar samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og þau mótast í samræmi við áherslur Vísinda- og tækniráðs.

Forsenda fyrir aðkomu sjóðsins er að fyrir liggi vel mótuð hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan, skilgreindan, efnahagslegan og/eða þjóðhagslegan ávinning sem þróun viðkomandi verkefnis getur leitt til.

Tæknipróunarsjóður starfar skv. lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun ([nr. 26/2021](#)) og er fjármagnaður af ríkissjóði í samræmi við fjárlög hvers árs.

1.2. STJÓRN SJÓÐSINS

Tæknipróunarsjóður heyrir undir Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, sem skipar sex manna stjórn hans. Stjórnin er ábyrg gagnvart ráðherra og tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum að fengnum umsögnum fagráða sem tækninefnd Vísinda- og tækniráðs skipar. Stjórnin setur reglur um umsóknir, mat þeirra og málsmeðferð. Hún markar sjóðnum stefnu og er heimilt að fjármagna nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu [Vísinda- og tækniráðs](#).

1.3. UMSÝSLA SJÓÐSINS

Umsýsla Tæknipróunarsjóðs er í höndum Rannís samkvæmt samningi við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Starfsmenn sjóðsins veita allar almennar upplýsingar um sjóðinn. Opnunartími Rannís er á virkum dögum á milli 9:00 og 15:00. Að öllu jöfnu er tölvupóstum svarað innan þriggja daga frá því að þeir berast.

Frekari upplýsingar veita:

<i>Lýður Skúli Erlendsson</i>	lydur.skuli.erlendsson@rannis.is	515 5810
<i>Rakel Jónsdóttir</i>	rakel.jonsdottir@rannis.is	515 5823
<i>Sigríður Heimisdóttir</i>	sigridur.heimisdottir@rannis.is	515 5860
<i>Svandís Unnur Sigurdardóttir</i>	svandis.u.sigurdardottir@rannis.is	515 5812

2. STYRKIR TÆKNIÞRÓUNARSJÓÐS

Tækniþróunarsjóður býður upp á fimm flokka fyrirtækjastyrkja: Fræ, Sproti, Vöxtur, Sprettur og Markaður. Hver styrkur er sniðinn að mismunandi þróunarstigi verkefna. Þó styrktarflokkar séu settir upp á þann hátt að styðja verkefni á mismunandi þróunarstigi þess er umsækjendum heimilt að sækja um í hvaða flokk sem er óháð því hvort fyrirtækið hafi áður hlotið styrk úr Tækniþróunarsjóði.

Á vefsíðu sjóðsins má sjá [stutt yfirlit](#) yfir þá styrki sem eru í boði hjá sjóðnum.

Fræ, sem er undirbúningsstyrkur og er í boði fyrir einstaklinga sem og fyrirtæki, er opið fyrir umsóknir allt árið en aðrir fyrirtækjastyrkir eru með umsóknarfrest 15. mars og 15. september (sjá sér leiðbeiningar fyrir [Fræ](#) á heimsíðu sjóðsins).

Tækniþróunarsjóður býður jafnframt upp á einkaleyfisstyrki sem eru opnir allt árið og styrki til hagnýtra rannsóknaverkefna sem eru sniðnir að verkefnum innan háskóla og rannsóknastofnana og þá gjarnan í samstarfi við fyrirtæki. Hagnýt rannsóknaverkefni eru með umsóknarfrest í febrúar. Leiðbeiningar fyrir [einkaleyfisstyrki](#) og [hagnýt rannsóknaverkefni](#) eru að finna á heimsíðu sjóðsins.

2.1. FYRIRTÆKJASTYRKUR SPROTI

Sproti er sniðinn að þörfum ungra nýsköpunarfyrirtækja og frumkvöðla með verkefni á byrjunarstigi. Frumherjinn er sjálfur í fyrirrúmi og hyggst eða hefur stofnað fyrirtæki um hugmynd sína. Gert er ráð fyrir að í verkefninu felist mikið nýnæmi og þróunarþáttur verkefnisins sé verulegur.

Aðalumsækjandi getur verið lítið eða meðalstórt fyrirtæki sem er yngra en 5 ára eða einstaklingur. Aldur fyrirtækis miðast við stofndag til dagsetningar umsóknarfrests¹. Opinber fyrirtæki/stofnanir geta ekki verið aðalumsækjandi. Meðumsækjendur í umsókn geta verið fyrirtæki, háskólar, rannsóknastofnanir, opinberar stofnanir/hlutafélög eða einstaklingar. Ef meðumsækjandi flokkast sem stórt fyrirtæki (sjá skilgreiningu í [kafla 8.3](#)) má meðumsækjandi ekki þiggja hluta af styrkupp hæð. Ef vafi leikur á stærð fyrirtækis er hlekkur á sjálfmat í lýsingu á [Vexti](#).

Hlutdeild aðalumsækjanda í styrkupp hæð getur ekki farið niður fyrir 60% af heildarstyrk á hvoru stuðningsári (sjá viðurkennda kostnaðarliði í [kafla 4](#)). Erlend félög geta verið þátttakendur í verkefnum en ekki umsækjendur þar sem ekki er leyfilegt að veita styrki til erlendra félaga.

¹ Í undantekningatilfellum getur fyrirtæki verið styrkhæft þó að meira en fimm ár séu liðin frá stofndegi fyrirtækis til dagsetningar umsóknarfrests. Í því tilfelli þarf umsækjandi að sýna fram á að starfsemi hafi legið niðri í fyrirtækinu í hið minnsta tvö reikningsár. Starfsemi fyrirtækisins telst hafa legið niðri í eitt reikningsár ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- Velta (rekstrartekjur eða gjöld hvort heldur sem er hærra) < 200.000 kr.
- Fjármunatekjur < 200.000 kr.
- Greiddur arður < 200.000 kr.
- Heildareignir fyrirtækisins < 10.000.000 kr.

Hámarksstyrkur getur numið allt að 20 milljónum króna samanlagt á tveimur árum, þó ekki meira en 10 milljónir króna á fyrra ári. Ekki er gerð krafa um mótframlag umsækjenda af heildarkostnaði en skilyrði er að bókfærður kostnaður við verkefnið sé að lágmarki jafn hár styrkupphæð sem veitt er til verkefnisins. Gerð er krafa í umsókn að tilgreint sé hvernig mótframlagi verði háttað, ef það er til staðar í verkefninu.

Mikilvægt er að nýsköpunarfyrirtæki vinni samhliða að þróunarstarfi, hagkvæmnisathugunum og uppbyggingu á markaðsinnviðum.

Samspil þróunar við aðila á markaði og notendur er skipt í tvo þætti; hagkvæmnisathugun annars vegar og markaðsinnviði hins vegar. Verkefni í þessum flokki eru fyrst og fremst rannsókn- og þróunarverkefni. Kostnaður vegna markaðsinnviða getur numið allt að 10% af heildarkostnaði verkefnisins eins og hann er skilgreindur í umsókn (umsókn er vísað frá ef farið er yfir þessi mörk og verður ekki metin af fagráði). Umsækjendur eru hvattir til að gera raunhæfa verk-, tíma- og kostnaðaráætlun þannig að hún standist að mestu leyti ef gengið er til samninga um verkefnið. Ef umfang verkefnisins minnkar um 25% frá upphaflegri áætlun verður mat verkefnisins endurskoðað. Hámark vegna hagkvæmnisathugana er ekki skilgreint en gera þarf grein fyrir þeim kostnaði í umsókninni og færa rök fyrir honum. Viðurkenndir verkþættir eru skilgreindir í [kafla 2.6](#).

Stjórn sjóðsins staðfestir framlag til verkefnisins til eins árs í senn. Gert er ráð fyrir að umsækjendur sækji um fyrirtækjastyrk Vöxt í framhaldi af styrk í Sprota ef niðurstaða gefur tilefni til. Fyrirtæki getur ekki verið með styrk í Sprota og Vexti á sama tíma.

Umsókn í Sprota er skilað í tveimur þrepum. Umsóknarfrestur 15. september á við fyrsta þrep umsóknar. Aðeins þær umsóknir sem fá A1 eða A2 í einkunn á fyrsta þrepi fá kost á að skila fullbúinni umsókn á öðru þrepi. Ef umsókn sem gefið hefur verið kost á að skila inn á öðru þrepi er ekki innsend fyrir umsóknafrest annars þreps fer hún ekki í mat fagráðs.

Skjöl í þessum styrktarflokki sem þurfa að fylgja með skráningareyðublaði sjóðsins (sjá nánar [kafla 3.3](#)):

- Á fyrsta þrepi: Verkefnislýsing þrep 1 (hámarks lengd 10 bls. að frátalinni forsíðu, samantekt, efnisyfirliti og heimildaskrá)
- Á öðru þrepi: Verkefnislýsing þrep 2 (hámarks lengd 5 bls. að frátalinni forsíðu, samantekt, efnisyfirliti og heimildaskrá)

Í umsóknareyðublaðinu er reitur fyrir hlekk á myndskleið um verkefnið. Hér gefst tækifæri til að sýna verkefnið á myndrænan hátt og koma því frá sér í töluðu máli. **Myndbandið er valkvætt en umsækjendur hvattir til að nýta sér þennan möguleika.**

Uppfylli umsókn ekki skilyrði styrktarflokksins er henni vísað frá.

Sproti fellur undir reglur um minniháttar aðstoð, sjá [kafla 8.1](#).

2.2. FYRIRTÆKJASTYRKUR – VÖXTUR

Fyrirtækjastyrkur Vöxtur er ætlaður til að styrkja verkefni sem eru komin af frumstigi hugmyndar. Aðalumsækjandi getur eingöngu verið lítið eða meðalstórt fyrirtæki (sjá skilgreiningu í [kafla 8.3](#)). Opinber fyrirtæki/stofnanir geta ekki verið aðalumsækjandi. Meðumsækjendur í umsókn geta verið fyrirtæki (lítil, meðalstór og stór), háskólar, rannsóknastofnanir eða opinberar stofnanir/hlutafélag. Ef meðumsækjandi flokkast sem stórt fyrirtæki (sjá skilgreiningu í [kafla 8.3](#)) má meðumsækjandi ekki þiggja hluta af styrkupp hæð.

Hámarksstyrkur getur numið allt að 50 milljónum króna samanlagt á tveimur árum, þó ekki meira en 25 milljónum króna á fyrra ári. Í undantekningartilfellum² er hægt að sækja um að dreifa upphæðinni á þrjú ár en þá getur styrkupp hæð ekki farið yfir 1/3 af 50 milljónum króna á fyrsta ári og 2/3 á fyrsta og öðru ári samanlagt.

Mikilvægt er að nýsköpunarfyrirtæki vinni samhliða að þróunarstarfi, hagkvæmnisathugunum og uppbyggingu á markaðsinnviðum. Umsækjendum er því bent á að leyfilegt er að sækja um styrk í Markað samhliða Vexti og að styrkþegar mega vera með styrk í Vexti og Markaði á sama tíma.

Samspil þróunar við aðila á markaði og notendur er skipt í tvo þætti; hagkvæmnisathugun annars vegar og markaðsinnviði hins vegar. Verkefni í þessum flokki eru fyrst og fremst rannsókn- og þróunarverkefni. Kostnaður vegna markaðsinnviða getur numið allt að 20% af heildarkostnaði verkefnisins eins og hann er skilgreindur í umsókn (umsókn er vísað frá ef farið er yfir þessi mörk og verður ekki metin af fagráði). Umsækjendur eru hvattir til að gera raunhæfa verk-, tíma- og kostnaðaráætlun þannig að hún standist að mestu leyti ef gengið er til samninga um verkefnið. Ef umfang verkefnisins minnkar um 25% frá upphaflegri áætlun verður mat verkefnisins endurskoðað. Hámark vegna hagkvæmnisathugana er ekki skilgreint en gera þarf grein fyrir þeim kostnaði í umsókninni og færa rök fyrir honum. Viðurkenndir verkþættir eru skilgreindir í [kafla 2.6](#).

Gerð er mismunandi krafa um mótframlag umsækjenda af heildarkostnaði við verkefnið eftir stærð fyrirtækis, tegund umsækjanda og tegund verkefnis, sjá Töflu 1. Bókfærður kostnaður við verkefnið þarf að lágmarki að vera jafn hár styrkupp hæð sem veitt er til verkefnisins. Gerð er krafa í umsókn að tilgreint sé hvernig mótframlagi verði háttað.

² Þegar um samstarfsverkefni er að ræða innan evrópskra samstarfsáætlana eins og Eurostars og ERA-neta.

Tafla 1: Lágmarkskrafa um mótframlag umsækjanda af kostnaði hans í verkefninu á hverju styrkári. Skilgreiningar á tegundum verkefna má finna í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA³.

	Lítið fyrirtæki	Meðalstórt fyrirtæki
Iðnaðarrannsóknir	30%	40%
<ul style="list-style-type: none"> ○ með fyrirvara um skilvirkt samstarf milli fyrirtækja (þegar um ræðir stórt fyrirtæki, samstarf yfir landamæri eða við eitt lítið eða meðalstórt fyrirtæki hið minnsta) eða milli fyrirtækis og rannsóknastofnunar; eða ○ með fyrirvara um víðtæka miðlun niðurstaðna 	20%	25%
Þróunarstarf	55%	65%
<ul style="list-style-type: none"> ○ með fyrirvara um skilvirkt samstarf milli fyrirtækja (þegar um ræðir stórt fyrirtæki, samstarf yfir landamæri eða við eitt lítið eða meðalstórt fyrirtæki hið minnsta) eða milli fyrirtækis og rannsóknastofnunar; eða ○ með fyrirvara um víðtæka miðlun niðurstaðna 	40%	50%

Samkvæmt lögum nr. 152/2009, getur stærð fyrirtækja haft áhrif á hvort fyrirtæki geti verið styrkþegi í Tækniþróunarsjóði. Fyrirtæki sem teljast stór geta ekki verið aðalumsækjandi né fengið hlutdeild í styrkuppþæð sem meðumsækjandi. Það skiptir því miklu máli að fyrirtækin séu rétt skráð í þessa flokkun samkvæmt þeim skilgreiningum ESB/ESA, sem umrædd lög byggja á. Hafið samband við starfsfólk sjóðsins ef vafi leikur á flokkun i töfluna að ofan. Í þessu sambandi hefur áhrif hvort fyrirtækið er hluti af stærri samstæðu eða ekki.

Til þess að taka af allan vafa og misskilning um stærðarflokkun fyrirtækisins, leggur Tækniþróunarsjóður til að umsækjendur fari í gegnum sjálfsmat/útreikninga til að sannreyna rétt stærðarflokkun fyrirtækisins. Hægt er að nálgast skilgreiningu og verklag til staðfestingar á stærð fyrirtækisins, ef vafi leikur á að fyrirtækið flokkist sem lítið, meðalstórt eða stórt.

Einnig er vert að kynna sér vel skilgreiningu ESB/ESA á SME á vef ESB.

Ef umsækjandi er háskóli, opinber stofnun eða opinbert hlutafélag þarf mótframlag umsækjandans að vera að lágmarki 20% af kostnaði hans við verkefnið á hverju styrkári.

Erlend félög geta verið þátttakendur í verkefnum en ekki umsækjendur þar sem ekki er leyfilegt að veita styrki til erlendra félaga.

Unnt er að sækja um stuðning til allt að tveggja ára (þriggja ára við sérstakar aðstæður) en stjórn sjóðsins staðfestir framlög til eins árs í senn. Fyrirtæki sem eru eldri en þriggja ára og eru illa stödd geta ekki hlotið styrk í Vexti, sjá [kafla 8.2](#).

³ <http://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements/icelandic/2015-is/su-nr-44-is-06-08-2015.pdf>

Skjöl í þessum styrktarflokki sem þurfa að fylgja með skráningareyðublaði sjóðsins:

- Verkefnislýsing (sjá nánar [kafla 3.3](#))
- Útreikningar (sjá nánar [kafla 3.4](#))

Í umsóknareyðublaðinu er reitur fyrir hlekk á myndskaið um verkefnið. Hér gefst tækifæri til að sýna verkefnið á myndrænan hátt og koma því frá sér í töluðu máli. **Myndbandið er valkvætt en umsækjendur hvattir til að nýta sér þennan möguleika.**

Uppfylli umsókn ekki skilyrði styrktarflokksins er henni vísað frá.

2.3. FYRIRTÆKJASTYRKUR – SPRETTUR (SÓTT UM Á EYÐUBLAÐI VAXTAR)

Fyrirtækjastyrkur Sprettur er öndvegisstyrkur. Styrkurinn er ætlaður til að styrkja verkefni hjá fyrirtæki með afurð/ir sem eru á eða nálægt markaði og að fyrirtækið hafi mikla möguleika á hröðum vexti á markaði innan næstu fimm ára.

Til að sækja um Sprett þarf að sækja um Vöxt og óska þar eftir því að vera jafnframt metinn inn í Sprett sem hækkar mögulegan hámarksstyrk úr 50 m.kr. í 70 m.kr. ákveði stjórn sjóðsins að ganga til samninga um verkefnið. **Í umsókn skal miða verk-, tíma- og kostnaðaráætlun við að verið sé að sækja um Vöxt.** Ef umsókn kemur til greina í Sprett verður kallað eftir frekari gögnum um nýja verk-, tíma- og kostnaðaráætlun strax í kjölfar úthlutunar á styrkjum í Vexti.

Ekki er hægt að óska eftir uppfærslu í Sprett þegar áfangaskýrslu er skilað í Vexti.

Til að umsókn teljist gjaldgeng í Sprett þarf að skila með umsókn staðfestingu um að nýtt hlutafé, vottað af framkvæmdastjóra, stjórn eða endurskoðanda félagsins, sé til staðar, eða verði til staðar, á stuðningstímabilinu. Í staðfestingunni þarf að koma fram að hlutaféð sé að lágmarki jafnhá upphæð og styrkurinn sem veittur er til verkefnisins (allt að 70 m. kr.). Tekið er tillit til samninga um hlutafjárukningu allt að tólf mánuði aftur í tímann frá umsóknarfresti.

Lágmarks forsenda þess að verkefni sé tekið til greina í Spretti:

- Stjórn sjóðsins er reiðubúin að ganga til samninga um verkefnið innan ramma Vaxtar
- Staðfestingu um að nýtt hlutafé sé til staðar, eða verði til staðar, á stuðningstímabilinu að lágmarki jafnhá upphæð og styrkurinn sem veittur er til verkefnisins (allt að 70 m.kr.). Tekið er tillit til samninga um hlutafjárukningu allt að tólf mánuði aftur í tímann frá umsóknarfresti.
- Starfsmenn fyrirtækisins hafa nægjanlega reynslu og þekkingu til að framkvæma verkefnið þannig að fyrirtækið geti vaxið hratt.
- Fyrirtækið er með afurð á markaði en afurð þarfnast frekari þróunar eða með afurð sem er nálægt markaðssetningu (innan 5 ára).

Stjórn sjóðsins mun kalla eftir frekari gögnum frá eigendum verkefna sem koma til greina til að leggja frekara mat á styrkhæfi þeirra innan flokksins, eins og uppfærðri verk-, tíma- og kostnaðaráætlun og öðrum gögnum sem hún telur að þurfi til að leggja mat á verkefnin.

Verkefni sem fá Sprett lúta að öðru leyti sömu skilyrðum og í Vexti nema að allur kostnaður við verkefnið þarf að vera bókfærður kostnaður. Kostnaður vegna markaðsinnviða getur numið allt að 25% af heildarkostnaði verkefnisins eins og hann er skilgreindur í umsókn. Hámark vegna hagkvæmnisathugana er ekki skilgreint en gera þarf grein fyrir þeim kostnaði í umsókninni og færa rök fyrir honum. Viðurkenndir verkþættir eru skilgreindir í [kafla 2.6](#).

Mikilvægt er að nýsköpunarfyrirtæki vinni samhliða að þróunarstarfi, hagkvæmnisathugunum og uppbyggingu á markaðsinnviðum. Umsækjendum er því bent á að leyfilegt er að sækja um styrk í Markað samhliða Vexti/Spretti og að styrkþegar geti á sama tíma verið með styrk í Vexti/Spretti og Markaði.

Þau verkefni sem stjórn telur að komi til álita í Spretti en hljóta ekki framgang býðst að ganga til samninga um Vöxt.

Hámarksstyrkur getur numið allt að 70 milljónum króna samanlagt á tveimur árum, þó ekki meira en 35 milljónum á fyrri ári.

2.4. MARKAÐUR

Markaður er markaðsstyrkur til fyrirtækja og skiptist í tvo ólíka flokka: **Markaðsþróun** og **Markaðssókn**. Þessum flokkum er ætlað að styðja við fyrirtæki á mismunandi stigum í undirbúningi afurðar á markað.

Markaðsþróun er styrkur sem miðar að uppbyggingu markaðsinnviða fyrirtækisins og lýtur að greiningu markaðar. Takmarkið er að greina markaði, velja þá og skilgreina hvernig staðfærsla áætlana geti farið fram. Markmiðasetning og mælanlegur ávinningur ákvarðaður og undirbúningur þess lútandi skipulagður. Afurð þarf ekki að vera komin á markað en miðað er við að afurðin verði markaðstæk innan næstu þriggja ára.

Markaðssókn gerir ráð fyrir að afurð sé tilbúin og innviðir til staðar. Markaðssókn er styrkur sem miðar að sókn á skilgreinda markaði. Hér er áhersla á seinni hluta markaðsvinnu þar sem framkvæmd er ráðandi í vel skilgreindri markaðsáætlun fyrirtækisins. Einnig er áhersla á að skapa tengsl við markhópa. Markmiðið er að gefa fyrirtækjum svigrúm til þess að nota styrkinn til að auka sýnileika afurðar t.d. á söluráðstefnum og með öðru kynningastarfi.

Markaður er eingöngu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki (sjá skilgreiningu í [kafla 8.3](#)) sem verja að lágmarki 10% af rekstrargjöldum til rannsókna- eða þróunarstarfs samkvæmt síðasta reikningsári. Opinber fyrirtæki/stofnanir geta ekki verið aðalumsækjandi. Meðumsækjendur í umsókn geta verið fyrirtæki, háskólar, rannsóknastofnanir eða opinberar stofnanir/hlutafélög. Ef meðumsækjandi flokkast sem stórt fyrirtæki (sjá skilgreiningu í [kafla 8.3](#)) má meðumsækjandi ekki þiggja hluta af styrkupphæð. Ef vafi leikur á stærð fyrirtækis er hlekkur á sjálfmat í lýsingu á [Vexti](#).

Fyrirtæki er heimilt að sækja um í bæði Markaðsþróun og Markaðssókn samtímis en ekki má vera skörun milli verkþátta eins og þeir eru settir fram í umsóknunum.

Dótturfyrirtæki⁴ erlendra fyrirtækja geta ekki sótt um styrk í Markaði.

Umsóknin skal tengjast undangenginni vöruþróun í tengslum við rannsóknar- og þróunarstarf fyrirtækisins fyrir sömu afurðir.

Kostnaður vegna rannsóknar- og þróunarvinnu er ekki viðurkenndur kostnaður í Markaði (sjá [kafla 2.6](#)).

Verkefnin eru styrkt til eins árs, að hámarki 10 milljónir króna. Gerð er krafa um að lágmarki 50% mótframlag umsækjenda af heildarkostnaði hans við verkefnið og að bókfærður kostnaður við verkefnið sé að lágmarki jafn hár styrkuppþæð sem veitt er til verkefnisins. Gerð er krafa í umsókn um að tilgreint sé hvernig mótframlagi verði háttað.

Skjöl í þessum styrktarflokki sem þurfa að fylgja með skráningareyðublaði sjóðsins:

- Verkefnislýsing (sjá nánar [kafla 3.3](#))
- Útreikningar (sjá nánar [kafla 3.4](#))

Athugið að það er mismunandi verkefnislýsing í Markaðsþróun og Markaðssókn.

Í umsóknareyðublaðinu er reitur fyrir hlekk á myndskleið um verkefnið. Hér gefst tækifæri til að sýna verkefnið á myndrænan hátt og koma því frá sér í töluðu máli. **Myndbandið er valkvætt en umsækjendur hvattir til að nýta sér þennan möguleika.**

Uppfylli umsókn ekki skilyrði Markaðs er henni vísað frá.

Markaður fellur undir reglur um minniháttar aðstoð, sjá [kafla 8.1](#).

2.5. HVERJIR GETA SÓTT UM FYRIRTÆKJASTYRKI

Í forsvari umsóknar um fyrirtækjastyrk í Tækniþróunarsjóð verður að vera fyrirtæki eða einstaklingur sem hyggst stofna fyrirtæki um verkefnið. Mismunandi reglur gilda þó um umsækjendur á milli styrktarflokka (sjá nánar [kafla 2.1-2.4](#)).

Dótturfyrirtæki⁵ erlendra fyrirtækja á Íslandi geta sótt um styrk til Tækniþróunarsjóðs í styrktarflokkum Sproti og Vöxtur. Í þeim tilvikum er styrkhæfur kostnaður sá kostnaður sem fellur til við verkefnið á Íslandi en erlend aðkeypt þjónusta eða erlend aðkeypt vinna við verkefnið er ekki styrkhæf.

Dótturfyrirtæki erlendra fyrirtækja geta ekki sótt um styrk í Markaði.

⁴ Sjá skilgreiningu í [2. gr. laga nr. 3 frá 2006](#)

⁵ Sjá skilgreiningu í [2. gr. laga nr. 3 frá 2006](#)

Erlend félög geta verið þátttakendur í verkefnum en ekki umsækjendur þar sem ekki er leyfilegt að veita styrki til erlendra félaga.

2.6. SAMÞYKKTIR VERKÞÆTTIR

Verkefni sem hljóta styrk í **Sprota eða Vexti** mega eingöngu fela í sér einn eða fleiri af eftirfarandi þáttum:

1. Skilgreinda hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan áætlaðan ávinning af rannsóknar- og þróunarstarfi
2. Hagnýtar rannsóknir og þróun nýrra eða endurbættra afurða, þjónustu eða framleiðsluferla
3. Hönnun tæknilegra frumgerða til þess að prófa og endurbæta tæknilega eiginleika
4. Hagkvæmnisathugun:
 - Smíði frumgerða til að staðfesta viðbrögð á álitlegum markaðssvæðum
 - Gerð viðskiptaáætlunar og annarrar frumvinnu, sem getur leitt til þess að sprotafyrirtæki verði markaðshæft eða er forsenda fyrir aðkomu framtaksfjárfesta að nýsköpunarverkefnum
5. Þróun markaðsinnviða fyrirtækisins:
 - Framkvæmd markaðsathugana og gerð markaðsáætlunar
 - Hönnun vörumerkis, vefsíðu, umbúða, bæklinga og annars kynningaefnis
 - Framleiðsla sýniseintaka afurðar sem eru ekki ætluð til sölu
 - Ferðir á fundi, ráðstefnur, fyrirlestra eða sölusýningar sem skapa tengsl við söluaðila, dreifiaðila og/eða neytendur afurðarinnar
 - Ráðgjöf vegna sölu- og markaðsstarfs

Verkefni sem hljóta styrk í **Markaðspróun** mega eingöngu fela í sér einn eða fleiri af eftirfarandi þáttum:

1. Framkvæmd markaðsrannsókna (t.d. hagkvæmnisathuganir, markhópagreiningar, verðteygni, o.s.frv.)
2. Kostnaður við markaðsráðgjöf (frá markaðsstofu, auglýsingastofu eða ráða sölu/markaðsfræðing)
3. Skapa markaðstengsl við söluaðila, dreifingaraðila, framleiðendur og neytendur
4. Ferðir á fundi, ráðstefnur og sölusýningar sem styrkja markaðsleg tengsl sem nýtast til markaðsrannsóknar, markaðsáætlana og/eða að styðja við frekari vörupróun með hliðsjón af markaði
5. Undirbúningsvinna við ásýnd afurðarinnar í gegnum vörumerki, vefsíðu, umbúðir, bæklinga og annað kynningarefni
6. Aðlögun afurðar að nýjum markaði s.s. þýðingar, uppsetning vefsíðu og aðlögun umbúða fyrir nýtt markaðssvæði (ath. slík staðfærsla má ekki fela í sér þróun á nýrri virkni afurðarinnar)
7. Framleiðsla prufueintaka afurðar sem er ætlað að kanna viðbrögð frá markhópum og er ekki ætluð til sölu. Ef um er að ræða sýningareintak af hugbúnaði til að kanna viðbrögð frá markhópum má verkþátturinn ekki fela í sér nýja gagnaöflun eða þróun nýrrar virkni á afurðinni. Þessi kostnaður má ekki fara yfir 20% af styrkupp hæð.

Verkefni sem hljóta styrk í **Markaðssókn** mega eingöngu fela í sér einn eða fleiri af eftirfarandi þáttum:

1. Móta og efla viðskiptasambönd við söluaðila, dreifingaraðila og kaupendur afurðarinnar
2. Ferðir á sölusýningar
3. Kostnaður við ráðgjafþjónustu, sölufulltrúa eða að koma upp söluskrifstofu í öðru landi til að sækja á vel skilgreindan markað
4. Aðlögun/hönnun ásýndar afurðarinnar í gegnum vörumerki, vefsíðu, umbúðir, bæklinga og annars kynningarefnis
5. Framkvæmd birtingaráætlunar. Birtingakostnaður til að meta viðbrögð á markaði þarf að samrýmast áætlun sem liggur fyrir um markaðssókn í verkefninu. Ef tilgreindur er birtingakostnaður þá þarf að gera grein fyrir birtingaráætluninni í verkþáttalýsingu. Þessi kostnaður má ekki fara yfir 20% af styrkupp hæð.

Tækniþróunarsjóður styður ekki:

1. Stofnun fyrirtækis og kostnað vegna starfsleyfi fyrirtækis.
2. Afborganir skulda, vaxtagjöld og lántökukostnað.
3. Kostnað vegna umsóknaskrifa í styrktarsjóði.
4. Fjárfestingu í hráefnum og tækjum og búnaði sem eru hlutar af afurð eða þjónustu sem ætluð er til sölu. Framleiðslukostnaði sýnieintaka afurða sem er ætlað til sölu.
5. Fjárfestingu í sjálfu framleiðsluferlinu og umhverfi þess þ.m.t. húsnæði og tækjabúnaði til framleiðslu afurða og þjónustu sem ætluð er til sölu. Gæðaúttekt og/eða vottun á framleiðsluferli er ekki viðurkenndur kostnaður.

6. Framleiðsla söluvöru.
7. Kostnaður vegna einkaleyfa og hönnunarverndar er ekki styrkhæfur innan fyrirtækjastyrkja.
8. Kostnaður við að birta auglýsingar, sjá þó undantekningu í Markaðssókn hér að ofan.
9. Kostnaður vegna kynningar og framsetningar afurðar í verslunum, sjá þó undantekningu í Markaðssókn hér að ofan.
10. Kostnaður vegna þróunar á vöru, þjónustu eða framleiðsluferli er ekki leyfður í Markaði en er leyfður í Sprotu og Vexti.

2.7. UMSÓKNAFRESTUR

Tekið er við umsóknum tvisvar á ári í gegnum umsóknarkerfi Rannís, og eru lokadagar 15. mars og 15. september. Beri lokadag upp á almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag. Frestur til að skila inn umsókn rennur út klukkan 15:00 á lokadegi umsóknartímabils. Umsókn er, án undantekninga, vísað frá ef hún berst of seint. Þegar umsókn er send fær umsækjandi tölvupóst sem staðfestingu á móttöku umsóknar.

Ekki er tekið tillit til viðbótargagna vegna umsóknar sem berast eftir að skilafresti lýkur nema stjórn eða fagráð sjóðsins kalli sérstaklega eftir þeim. Ekki er tekið tillit til umsóknargagna sem eru með tengingu í ytri gögn (t.d. í dropbox) sem eru breytanleg eftir að umsóknafresti lýkur.

3. GERÐ UMSÓKNAR

Umsókn skal senda til Tækniþróunarsjóðs í gegnum umsóknarkerfi Rannís.

3.1. SKRÁNING UMSÓKNAR

Til að komast inn á skráningareyðublað Tækniþróunarsjóðs þarf umsækjandi að verða sér úti um íslykil eða rafrænt skilríki. Ekki skiptir máli hvort notuð er kennitala fyrirtækisins sem sækir um eða kennitala þess sem skráir umsóknina. Ef kennitala einstaklings er notuð til að skrá umsókn getur viðkomandi starfsmaður eða forsvarsmáður fyrirtækisins óskað eftir því að umsóknin sé flutt yfir á kennitölu fyrirtækisins síðar.

Íslykil má nálgast hér: <http://www.island.is/islykill>.

3.2. SKRÁNINGAREYÐUBLAÐ

Í skráningareyðublaðinu skrá umsækjendur almennar upplýsingar um verkefnið og umsækjendur gera grein fyrir verk-, tíma- og kostnaðaráætlun. Jafnframt skal hengja við umsóknina öll skylduskjöl sem þarf að skila í viðkomandi styrktarflokki (sjá nánar kafla [2.1-2.4](#)).

Boðið er upp á hjálparskjal til að gera kostnaðaráætlun, allar tölur úr því skjali þarf að færa í þ.kr. undir lið 4.1 og 4.2 í skráningareyðublaði. Hjálparskjalið er ekki hluti af umsókn og á ekki að senda inn með henni. Skjalið má finna í rafrænu skráningareyðublaði sjóðsins í umsóknargátt Rannís.

3.3. VERKEFNISLÝSING (TEXTASKRÁ)

Með umsóknum í öllum styrktarflokkum skal skila inn fylgiskjali, „Verkefnislýsing“, með skráningareyðublaði Tækniþróunarsjóðs. Sniðmát fyrir skjalið „Verkefnislýsing“ má finna í rafrænu skráningareyðublaði sjóðsins í umsóknargátt Rannís. Skjalið þarf að geta staðið sjálfstætt svo hægt sé að meta verkefnið eingöngu með hliðsjón af því, skráningareyðublaðinu og skjalinu „Útreikningar“ (skjalið „Útreikningar“ á ekki við um Sprota).

Gerð er krafa til umsækjenda að „Verkefnislýsing“ sé greinargóð og fagraðsmenn geti metið verkefnið samkvæmt þeim upplýsingum sem þar koma fram. Ef fagraðsmenn geta ekki gert sér grein fyrir verkefninu með lestri á skjalinu er umsókn felld á girðingu í mati og fær ekki fullt mat.

Umsóknum má skila hvort sem er á íslensku eða ensku, þó skal hnotskurn um verkefnið vera bæði á íslensku og ensku.

Skilyrði er að umsókn sé skilað á eyðublaði sjóðsins og ekki er leyfilegt að eiga við uppsetningu eyðublaðsins. Ekki er leyfilegt að taka út fyrirsagnir eða spurningar úr eyðublaðinu. Ef veittar eru rangar eða villandi upplýsingar í umsókn er umsókn vísað frá.

Í „Verkefnislýsingu“ skal gera ítarlega grein fyrir verkefninu sjálfu ásamt því að fylla inn drög að viðskiptaáætlun. Gera skal góða grein fyrir þeim afurðum sem verkefninu er ætlað að skila, hvernig þær eru hagnýttar og hverjir séu líklegir notendur þeirra afurða. Jafnframt skal gera vel grein fyrir stöðu markaðar og leið á markað. Ef vísað er í önnur fylgigögn skal gera það nákvæmlega t.d. með tilvísun í blaðsíðutal.

Hvorki er leyfilegt að breyta breidd spássíu í verkefnislýsingunni né hafa leturstærð minni en 11 punkta Calibri (body) eða sambærilegt. Þeir sem ekki hafa aðgang að MS Word er bent á að nota OneDrive. Aðeins er tekið við skjalinu „Verkefnislýsing“ á PDF formi og ekki er tekið við skráum stærri en 10 MB.

„Verkefnislýsingin“ fyrir Vöxt og Markað skal ekki vera lengri en 20 blaðsíður að frátalinni forsíðu, samantekt, efnisyfirliti og heimildaskrá.

Þar sem Sprotinn er í tveggja þrepa umsóknakerfi er verkefnislýsingu skipt upp í tvö skjöl. Á fyrsta þrepi umsóknar þarf að skila inn fylgiskjalinu „Verkefnislýsing-Sproti_prep1_H22“. Skjalið skal ekki vera lengra en 10 blaðsíður að frátalinni forsíðu, samantekt, efnisyfirliti og heimildaskrá.

Þær umsóknir sem fá A1 eða A2 í einkunn á fyrsta þrepi fá kost á að skila fullbúinni umsókn ásamt fylgiskjalinu „Verkefnislýsing-Sproti_prep2_H22“. Skjalið skal ekki vera lengra en 5 blaðsíður að frátalinni forsíðu, samantekt, efnisyfirliti og heimildaskrá.

3.4. ÚTREIKNINGAR (EXCEL-SKJALIÐ)

Mikilvægt er að vandað sé til verks þegar kemur að því að fylla út í „Útreikningaskjalið“. Gera skal ráð fyrir að allar kostnaðar- og sölutölur séu á föstu verðlagi. Gæta skal þess að allur útreikningur sé í þúsundum króna (þús.kr.). Allar tölur sem settar eru fram í skjalinu „Útreikningar“ eru áætlun. Sniðmát fyrir skjalið „Útreikningar“ má finna í rafrænu skráningareyðublaði sjóðsins í umsóknargátt Rannís. Athugið að ekki þarf að skila inn skjalinu „Útreikningar“ í styrktarflokknum Sproti. Ef umsækjendur hafa ekki aðgang að MS Excel er þeim bent á að opna skjalið og vinna það á OneDrive.

REKSTUR

Eingöngu skal telja fram beinar tekjur af vörunni sem verið er að þróa. Hafa ber í huga að afurð hefur í flestum tilfellum takmarkaðan líftíma á markaði. Vandasamt getur verið að áætla tekjur af vöru í þeim tilvikum þegar varan er hluti af eldri vöru (t.d. þróun á nýrri viðbót við vöruna). Í slíkum tilfellum er reynt að meta hversu mikið viðbótargildi nýi hluti afurðarinnar hefur á markaðsmöguleika og veltu af afurðinni.

Setja skal fram kostnaðaráætlun fyrir jafn mörg ár og tekjuáætlunin gerir ráð fyrir.

FORSENDUR VELTU

Ef taldar eru upp tekjur af afurðinni þá er nauðsynlegt að gera ítarlega grein fyrir forsendum tekna í flípanum Forsendur veltu óháð því hvort rökstuðningur fylgir með í „Verkefnislýsingu“ eða í viðbótargögnum með umsókninni. Ef rökstuðningur er ekki skráður er umsókn vísað frá án frekara mats.

Mælst er til þess að allur rökstuðningur sé skipulega upp settur og greinargóður þannig að auðvelt sé fyrir fagráðsmenn að átta sig á þeirri röksemdafærslu sem lögð er til grundvallar og tenging sé milli rekstrarflípa og forsenduflípa.

INNLEND VERÐMÆTI

Það er ekki sjálfgefið að öll verkefni skapi innlend verðmæti. Með innlendum verðmætum er átt við þau verðmæti sem skapast innanlands vegna sparnaðar eða aukinna tekna þeirra sem nota vöruna.

Undir innlend verðmæti fellur t.d. ekki:

- Framleiðslukostnaður vörunnar
- Gjaldeyriskjukur sem þegar heyrir undir veltu
- Skattar og gjöld
- Afleidd störf

FORSENDUR INNLENDRA VERÐMÆTA

Ef gert er ráð fyrir innlendum verðmætum af verkefninu þá er nauðsynlegt að gera ítarlega grein fyrir forsendum þeirra. Rökstuðningur þarf að fylgja í flípanum „Forsendur Innl.verðm.“ óháð því hvort rökstuðningur fylgi með í „Verkefnislýsingu“ eða viðbótargögnum með umsókninni, að öðrum kosti er umsókninni vísað frá án frekara mats. Ef sótt er um styrk í Sprotu kemur rökstuðningur einungis fram í „Verkefnislýsingu“ þar sem ekki er gerð krafa um að „Útreikningar“ fylgi.

Mælst er til þess að allur rökstuðningur sé skipulega upp settur og greinargóður þannig að auðvelt sé fyrir fagráðsmenn að átta sig á þeirri röksemdarfærslu sem lögð er til grundvallar og tenging sé milli verðmætaflípa og forsenduflípa í umsókn um Vöxt/Sprett.

3.5. ÖNNUR FYLGIGÖGN

Leyfilegt er að skila inn öðrum gögnum með umsókninni s.s. skýrslum eða öðru sem styður við umsóknina. Hér er þó um viðbótarfylgigögn að ræða sem fagráðsmenn þurfa ekki að taka tillit til í mati. Ætlast er til að umsækjendur vísi í þau, t.d. blaðsíðutal, þegar við á og skýri á hvern hátt þau styðja við umsóknina.

Í þeim tilfellum sem um samstarfsverkefni er að ræða eru umsækjendur hvattir til að senda inn viljayfirlýsingu um samstarf frá verðandi samstarfsaðilum.

Ef umsækjandi er fyrirtæki þá er mælst til þess að senda inn nýjasta ársreikning fyrirtækisins með umsókn.

Umsækjendum gefst kostur á að kynna hugmyndina með stuttu myndbandi (ekki lengra en 5 mín.), þar sem þeir hafa möguleika á að kynna verkefnið enn frekar fyrir matsmönnum. Myndbandið gefur umsækjendum kost á að gefa matsmönnum sýn á verkefnið sem hugsanlega er erfitt að koma á framfæri í texta. Því er mikilvægt að vanda til verka og hafa myndbandið hnitmiðað. Myndbandinu skal komið til skila sem hlekk á vefsíðu (s.s. vimeo, youtube eða öðrum sambærilegum síðum) í viðeigandi reit í skráningareyðublaði sjóðsins.

Þeir sem þegar hafa gert eigin viðskiptaáætlun fyrir verkefnið geta lagt hana fram sem viðbótarfylgiskjal, en þurfa engu að síður að fylla inn í skjal Tækniþróunarsjóðs „Verkefnislýsing“.

Leyfileg sniðmát skráa í viðhengi í umsókn eru: pdf, doc, docx, ppt, pptx, pps, ppsx, odt, odp, ods, xls, xlsx, txt, rtf, jpg, jpeg, png og gif. Ef viðbótargögn eru ekki á ofantöldu sniði þarf að umbreyta þeim í pdf skrá áður en þau eru send inn til sjóðsins.

4. VIÐURKENNDUR KOSTNAÐUR OG FJÁRMÖGNUN

4.1. VIÐURKENNDUR KOSTNAÐUR Í VERKEFNUM

Umsækjandi skal tilgreina heildarkostnað verkefnisins í umsókninni. Tæknipróunarsjóður getur samþykkt kostnað sem fellur á verkefnið eftir að umsóknarfresti lýkur. Kostnaðurinn verður þó að falla á verkefnið innan verktímabils sem skilgreint er í samningi. Upphaf verkefnis er samkomulagsatriði milli Tæknipróunarsjóðs og umsækjanda. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir kostnaðarliði sem teljast viðurkenndir kostnaðarliðir í verkefni sem sjóðurinn styður. Við gerð kostnaðaráætlunar skal jafnframt hafa til hliðsjónar samþykka verkþætti sem taldir eru upp í kafla [2.6](#).

4.1.1. LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD

Lagður er til grundvallar sá tími sem starfsmenn vinna í verkefninu. Umsækjendur skulu hafa til hliðsjónar almenna kjarasamninga og stofnanasamninga við útreikning launa. Launakostnaður miðast við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum. Ekki er hægt að nota útseldan taxa til viðmiðunar við útreikning launa.

4.1.2. REKSTRARVÖRUR

Upplýst skal um aðföng fyrir verkefnið. Sé um að ræða almennar rekstrarvörur tengdar rannsóknar- og þróunarstarfsemi er fullnægjandi að lýsa rekstrarvörunum stuttlega og áætla samtölu kostnaðar.

4.1.3. AÐKEYPT ÞJÓNUSTA

Lýst skal aðkeyptri þjónustu í „Verkefnislýsingu“ hvort heldur sem hún er unnin af stofnun eða fyrirtæki sem jafnframt er umsækjandi eða öðrum rekstraraðilum. Gerð skal grein fyrir hvað felst í hinni aðkeyptu þjónustu eða ráðgjöf, hvers vegna hún er keypt af viðkomandi aðila og hvað þjónustan kostar. Hér er heimilt að tilgreina kostnað vegna áritunar endurskoðanda á lokaskýrslu verkefnis. Ef umsækjandi er dótturfyrirtæki erlends fyrirtækis á Íslandi sjá [kafla 2.5](#).

4.1.4. FERÐIR OG FUNDIR

Færa skal inn áætlaðan heildarkostnað vegna ferða utanlands og innanlands. Útskýra þarf tilgang þeirra ferða sem áætlaðar eru á styrktíma.

4.1.5. AFSKRIFTIR ÁHALDA OG TÆKJA

Sjóðurinn styður ekki kaup á tækjum og búnaði. En sjóðurinn getur tekið þátt í að greiða kostnað vegna afskrifta sérhæfðra tækja og búnaðar sem afla þarf vegna verkefnis. Þessi stuðningur nær þó ekki til almennra skrifstofu- og rannsóknartækja (t.d. tölvukaupa). Gera þarf ljósa grein fyrir þörfinni á umræddum tækjum og búnaði í „Verkefnislýsingu“ og skýra hvers vegna umræddur kostur er valinn.

Dæmi um þetta gæti verið:

Umrædd tæki og búnaður kostar t.d. 4 milljónir króna og eðlilegur afskriftatími rannsóknartækja og búnaðar er fjögur ár. Sjóðurinn styður verkefnið í þrjú ár. Inn á liðinn „Afskriftir áhalda og tækja“ eru þá færðar 1 milljón króna á ári í þrjú ár vegna stofnkostnaðar þessara tækja og búnaðar. Annan kostnað af tækjakaupum þessum verður umsækjandi að greiða sjálfur.

4.1.6. SAMREKSTUR OG AÐSTAÐA (E. OVERHEAD)

Samrekstur er fastur kostnaður sem ekki er beint tengdur einstökum verkefnum, en verður til vegna starfsemi rekstraraðilans. Um er um að ræða kostnað vegna húsnæðis svo sem leigu, hita, rafmagn, stjórnun rekstrareininga, bóka- og tímaritakaup, reksturs tölvubúnaðar.

Samþykktur hámarks samrekstrarkostnaður er 25% af heildarkostnaði verkefnisins að frádreginni aðkeyptri þjónustu.


4.2. FJÁRMÖGNUNARLIÐIR

Mótframlag umsækjenda er misjafnt milli styrktarflokka. Hægt er að uppfylla mótframlagið á þrennan hátt; með eigin framlagi, greiðslum til verkefnisins eða með framlagi annarra. Í umsókn skal gera ítarlega grein fyrir því hvernig brugðist skal við ef ekki næst að tryggja fjármögnun verkefnisins.

Í einhverjum tilvikum skapar lausnin sem unnið er að tekjur á meðan unnið er að frekari þróun á styrktíma verkefnisins. Í þeim tilvikum skal gera grein fyrir þeim greiðslum sem nýttar eru til þróunar í verkefninu í liðnum „greiðslur til verkefnisins“.

Í umsókn skal tilgreina aðra styrki sem verkefnið hefur tryggt sér í fjármögnun eða gerir ráð fyrir á styrktímanum. Reglur varðandi samfjármögnun sjóða má sjá í [kafla 6.3](#).

5. MATSFERLI UMSÓKNA



Við lok umsóknartímabils fara starfsmenn Tækniþróunarsjóðs yfir þær umsóknir sem bárust og ganga úr skugga um að umsóknir uppfylli skilyrði þess að fara í mat hjá fagráði (sjá [kafla 9](#) Formkröfur). Uppfylli umsókn þau skilyrði fer umsóknin í mat hjá fagráði. Umsóknir raðast svo upp eftir einkunnagjöf og er sú röð lögð fyrir stjórn sem ráðgefandi álit á því hvaða verkefni eigi að styrkja.

Umsóknir í Sprota fara í tveggja þrepa matsferli og fara umsóknir í mat hjá fagráði á báðum þrepum áður enn ráðgefandi einkunnalisti er lagður fyrir stjórn sjóðsins.

5.1. TRÚNAÐUR

Umsóknir þar með talið viðhengi umsókna og matsblöð flokkast sem trúnaðargögn. Þau gögn eru eingöngu notuð við mat á umsóknum og eru ekki aðgengileg öðrum en starfsmönnum sjóðsins, fagráðsmönnum og stjórn Tækniþróunarsjóðs í þeim tilgangi að leggja mat á umsóknirnar. Engin afrit

eru gerð af trúnaðargögnum en fagráðsmenn og stjórn Tækniþróunarsjóðs hafa rafrænan aðgang til að leggja mat á umsóknirnar. Öll umsóknargögn og matsblöð eru varðveitt í málaskrá Rannís.

Lýsing í hnotskurn á verkefninu auk heiti verkefnis er þó undanskilið trúnaði og er birt á íslensku og ensku á úthlutunarsíðu Rannís.

Þar sem lýsing í hnotskurn á verkefninu og heiti verkefnis er undanskilið trúnaði skulu umsækjendur gæta sín á því að þar komi ekkert fram sem getur valdið því að ekki verði hægt að sækja um einkaleyfi á uppfinningunni.

Allir þeir aðilar sem koma að afgreiðslu og mati umsókna hjá Tækniþróunarsjóði eru bundnir þagnarheiti. Í skráningareyðublaði umsóknar er hægt að taka fram ef sérstaklega er óskað eftir því að ákveðnir einstaklingar lesi ekki yfir umsóknina.

5.2. VANHÆFI

Í 3. gr. Stjórnsýslulaga (nr. [37/1993](#)) er fjallað um þær ástæður sem valda vanhæfi sem eiga við fagráðs- eða stjórnarmenn í Tækniþróunarsjóði.

Þegar fagráðs- eða stjórnarmaður er vanhæfur á einstaka umsóknir en ekki á úthlutunina í heild þarf hann að víkja af fundi þegar fjallað er um viðkomandi umsókn og ákvörðun um styrk er tekin. Þetta skal skráð í fundargerðir. Ef stjórnarmaður er vanhæfur á heildarúthlutun skal kalla inn varamann hans.

Umsækjanda er heimilt að benda á vanhæfi fagráðs- eða stjórnarmanns, sjá nánar lið 1.2 á umsóknareyðublaði. Viðkomandi fagráðs- eða stjórnarmaður fær þá ekki aðgang að umsókninni.

5.3. FAGRÁÐ OG STJÓRN

Fagráð annast faglegt mat á umsóknum og er skipað af tækninefnd Vísinda- og tækniráðs. Stjórn er skipuð af ráðherra eftir tilnefningum. Upplýsingar um hverjir sitja í fagráði og stjórn má finna á vefsíðu Rannís.

Fagráðin eru ráðgefandi um fagleg málefni við úthlutanir úr sjóðnum. Þau eru skipuð einstaklingum sem hafa víðtæka reynslu af tækniþróun og nýsköpun. Stjórnin getur leitað ráðgjafar umfram þá sem fagráð sjóðsins veitir ef þurfa þykir að mati stjórnarinnar.

Óheimilt er að hafa samskipti við fagráðsmenn eða stjórn vegna umsókna sem eru í mati hjá sjóðnum. Komi það í ljós verður viðkomandi umsókn vísað frá án frekari rökstuðnings.

Ef umsækjendur hafa athugasemdir fram að færa við mat fagráðs að lokinni úthlutun skal þeim beint til starfsmanna Tækniþróunarsjóðs.

5.4. MAT UMSÓKNAR AF FAGRÁÐI

Forsenda þess að umsókn sé metin hæf til faglegs mats er að hún byggi á vel mótaðri hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan ávinning. Gerð er krafa um að fullnægjandi grein sé gerð fyrir einstökum liðum í umsókn þannig að unnt sé að leggja faglegt mat á hana. Umsóknir sem ekki uppfylla lágmarks

formkröfur sjóðsins verður vísað frá áður en fagráð sjóðsins metur umsóknirnar. Listi yfir hvaða kröfur þarf að uppfylla má sjá í [kafla 9](#).

Við mat umsókna hjá fagráði þurfa þær að uppfylla frekari skilyrði til að verða ekki vísað frá án frekara mats. Hægt er að nálgast sýnieintak af matsblöðum fagráðs á vefsíðu Rannís þar sem þessi skilyrði eru tilgreind.

Fagráð skoðar hvort umsækjendur hafi gert eða látið gera könnun á frelsi til athafna á viðkomandi tækisviði og á þeim markaðssvæðum sem stefnt er á. Í þessu felst athugun á því hvort aðrir eigi eða hafi sótt um einkaleyfi eða hvort aðrar tæknilegar eða viðskiptalegar hindranir standi í vegi fyrir því að unnt sé að hagnýta afurðina eða aðferðina á þessum markaðssvæðum.

Tækniþróunarsjóður er ekki áhættufælinn en fer fram á að umsækjendur geri sér grein fyrir óvissunni og reyni að lágmarka hana.

Fagráð raðar verkefnum í hverjum styrktarflokki í samræmi við heildareinkunn verkefna. Einkunn og forsendur mats fagráðs eru til leiðbeiningar fyrir stjórn sjóðsins.

5.5 MATSPÆTTIR

Fagráðsmenn meta umsóknir út frá þeim þremur meginþáttum sem er lýst hér að neðan og verður grundvöllur niðurröðunar fagráðs. Stjórn sjóðsins setur reglur um hvernig vægi þessara þátta er metið innbyrðis fyrir hvern umsóknarflokk.

NÝNÆMI

Nýnæmi er skilgreint sem breyting á þekktum forsendum sem leiðir til aukinnar verðmætasköpunar á markaði. Skilgreiningin felur í sér nauðsyn þess að skýra stöðu þekkingar, tækni og verklags á sviðinu og hvernig þessir þættir tengjast nýjum þörfum og tækifærum á markaði. Nýnæmi verkefnis er þannig mælikvarði á áhrif verkefnisins á forsendur til að ná forskoti á markaði á grundvelli nýrra lausna, aðferða, búnaðar, þekkingar, tækni eða verklags sem eru afurðir verkefnisins.

ÁHRIF

Í þessum matsþætti er horft til mögulegra áhrifa afurðar á markaði og hugsanlegra afleiddra tækifæra. Það skiptir miklu máli varðandi mat á verkefnunum hversu vel umsækjandi setur fram og skilgreinir afurðir þess og verðmæti. Verðmæti verkefnisins er skilgreint út frá 2 þáttum; velta hjá umsækjanda vegna afurðar verkefnisins og verðmæti fyrir innlenda notendur afurðarinnar. Með innlendum verðmætum er átt við þau verðmæti sem skapast innanlands vegna sparnaðar eða aukinna tekna þeirra sem nota vöruna.

Rík áhersla er lögð á að umsækjendur geri góða grein fyrir væntingum sínum varðandi tekjur af sölu afurða verkefnisins og mögulegum verðmætum þeirra fyrir innlenda notendur á heildartímanum frá því að verkefnið hefst þar til líftíma afurðanna lýkur. Að öllu jöfnu byrjar tekjustreymi ekki fyrr en á öðru eða þriðja ári og hvatt er til að gera áætlun til tíu ára fram í tíman ef kostur er. Þó er hægt að tilgreina áætlun til lengri tíma þegar verkefnið eru þess eðlis að tekjustreymi byrjar ekki fyrr en á fimmta til tíunda ári. Nauðsynlegt er að gera grein fyrir hvernig magntölur, verð og virði fyrir notendur er reiknað. Það er vissulega oftast bundið mikilli óvissu að horfa svona langt fram í tímann, en engu að síður mikilvægt að skapa mynd af þeim markaðslega árangri sem umsækjandi telur

raunhæft að ná, ef tæknileg markmið þróunarverkefnisins nást. Jafnframt er metið hvort bolmagn og tengsl til að hagnýta niðurstöður á markaði séu til staðar eða hægt sé að skapa þær forsendur, sem lagt er upp með (horft er á þennan þátt undir matsgildinu „framkvæmd“ í styrktarflokk Markaðsþróun).

Í umsókn er nauðsynlegt að gera grein fyrir hvernig staðið yrði að því að koma afurðum á markað og þjónustu við viðskiptavini. Mikilvægt er að gera sem besta grein fyrir samkeppnisstöðu, áhættu, óvissu og hvernig umsækjendur hyggjast bregðast við þeim veikleikum sem blasa við í því sambandi.

FRAMKVÆMD

Leitast er við að meta líkur á að framkvæmd verkefnisins nái fram að ganga eins og aðstandendur verkefnisins hafa lýst því fyrir verkefnið í heild sinni. Sérstaklega er litið til eftirfarandi þátta:

- Líkur á að verkefninu ljúki í samræmi við verk-, tíma- og kostnaðaráætlun.
- Líkur á því að verkefnið skili hagnýtanlegri afurð eða tæknilegri lausn (ekki metið í Markaði).
- Gildi samstarfs í verkefninu (ekki metið í Markaði).

5.6. ÁKVÖRÐUN UM ÚTHLUTUN

Áður en fagráð gengur frá umsögnum til stjórnar Tækniþróunarsjóðs ræða fagráðsmenn, ef þurfa þykir, sérstök álitamál sem kunna að hafa komið upp. Fagráð skal með aðstoð starfsmanna sjóðsins leitast við að samræma matsreglur og einkunnagjöf í samræmi við reglur stjórnar. Fagráði er heimilt að leita sérfræðilíts vegna umsókna til aðila utan fagráðsins.

Stjórn Tækniþróunarsjóðs fær til umfjöllunar þær umsóknir sem hafa hlotið mat fagráðs. Umsóknir eru kynntar fyrir stjórninni og getur hún tekið þær til nánari skoðunar og endurmats ef hún telur tilefni til þess.

Stjórn sjóðsins tekur tillit til eins eða fleiri eftirfarandi atriða við ákvarðanir sínar:

- Afrakstur verkefnanna getur leitt til fjárhagslegs ávinnings í fyrirsjáanlegri framtíð.
- Verkefnið byggir á og eykur þekkingu og færni í íslensku þróunarumhverfi og atvinnulífi.
- Lítil og meðalstór fyrirtæki standa að verkefninu.
- Samvinna rannsóknastofnana og/eða háskóla og fyrirtækja í verkefninu enda byggt á sérþekkingu þeirra.
- Alþjóðleg samvinna.

Ákvarðanir stjórnar Tækniþróunarsjóðs um styrki eru endanlegar á stjórnarsýslustigi sbr. 13. gr. laga nr. 75/2007.

5.7. TILKYNNING UM ÚTHLUTUN

Úthlutun er tilkynnt á vef Rannís. Í framhaldi af tilkynningu er öllum verkefnisstjórum send umsögn fagráðs.

Í þeim verkefnum sem stjórn Tækniþróunarsjóðs heimilar starfsmönnum sjóðsins að ganga til samninga við eru verkefnisstjórar boðaðir á samningafund, sem skal halda innan tveggja mánaða frá

tilkynningu um úthlutun. Á samningafundi yfirfara fulltrúar sjóðsins umsóknir og kostnaðaráætlanir með verkefnisstjórum og leita skýringa á öllum kostnaðarliðum áður en gengið er frá samningi. Einnig er farið yfir tímalengd verkefnisins og upphæð styrks.

Undirrituðum samningi, ásamt samstarfssamningi ef við á, skal skila til Tækniþróunarsjóðs innan tveggja mánaða frá samningafundi. Berist undirritaður samningur, og samstarfssamningur í þeim tilvikum sem við á, ekki innan fyrrgreindra tímamarka og sé ekki um annað samið sérstaklega fellur styrkur niður og framlagið færast aftur til Tækniþróunarsjóðs.

6. SAMNINGUR UM FRAMKVÆMD VERKEFNA

6.1. VERKEFNISSTJÓRI

Verkefnisstjóri ber ábyrgð gagnvart Tækniþróunarsjóði á framkvæmd samningsins, jafnt fjárhagslega sem verklega. Starfsmenn sjóðsins svara ekki fyrirspurnum vegna tiltekinna verkefna nema frá verkefnisstjóra.

Verkefnisstjóri, framkvæmdastjóri eða stjórn fyrirtækis/stofnunar getur tilkynnt að nýr einstaklingur muni taka við sem verkefnisstjóri. Ef um samstarfsverkefni er að ræða skulu allir meðumsækjendur í samstarfsverkefnum staðfesta nýjan verkefnisstjóra og þarf sú tilkynning að berast sjóðnum til staðfestingar.

Endanleg ákvörðun um breytingu á verkefnisstjóra er háð samþykki Tækniþróunarsjóðs.

6.2. GENGID TIL SAMNINGA OG UNDIRRITUN SAMNINGS

Tækniþróunarsjóður gerir samninga um framkvæmd verkefna þar sem hlutverkaskipti sjóðsins og þeirra er hljóta framlag eru skilgreind. Í samningnum er gerð grein fyrir samskiptareglum og hvernig tekið skuli á ágreiningsmálum. Samþykkt umsókn er hluti af samningi. Öll verkefni fá úthlutað númeri til nota í öllum samskiptum Tækniþróunarsjóðs og verkefnisstjóra.

6.3. SAMFJÁRMÖGNUN

Tækniþróunarsjóður kappkostar að eiga gott samstarf við aðra sjóði með svipuð markmið sem og framtaksfjárfesta. Verkefni sem Rannsóknarsjóður hefur stutt geta á síðari stigum komið inn á borð Tækniþróunarsjóðs og verkefni sem Tækniþróunarsjóður hefur stutt geta hafnað hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og/eða öðrum framtaksfjárfestum.

Tækniþróunarsjóður getur samfjármagnað verkefni með öðrum opinberum innlendum samkeppnissjóðum eða markáætlunum. En hafa skal í huga að opinber fjármögnun getur ekki farið upp fyrir þau mörk sem tilgreind eru í Töflu 1 hér að ofan og er umsækjendum skylt að upplýsa Tækniþróunarsjóð ef hætta er á að það gerist.

6.4. GREIÐSLUR TIL VERKEFNA

Í samningi er kveðið á um greiðslu framlaga sjóðsins og hverju styrkþegi ber að skila á tilteknum skiladögum. Standi styrkþegi ekki við skuldbindingar sínar er tilgreint í samningi hvernig tekið verður

á því. Séu vanefndir umtalsverðar verður framlagið dregið til baka og krafist endurgreiðslu þess til sjóðsins.

Sé ekki um annað samið er framlag greitt í þrennu lagi:

- greiðsla - 40% þegar samningur er undirritaður
- greiðsla - 40% þegar framvinduskýrsla hefur verið samþykkt. Skilafrestur er tilgreindur í samningi
- greiðsla - 20% þegar lokaskýrsla hefur verið samþykkt eða áfangaskýrsla samþykkt sé um framhaldsverkefni að ræða. Skilafrestur er tilgreindur í samningi

6.5. EIGNARRÉTTUR Á NIÐURSTÖÐUM

Almenn regla er að eignar- og nýtingarréttur á niðurstöðum og afrakstri sé í samræmi við framlag hvers og eins. Viðtakendum framlaga sjóðsins ber eins og kostur er að vernda eignar- og nýtingarrétt niðurstaðna, enda er forsenda framlaga sjóðsins að verið sé að vinna að nýsköpun sem skilar þjóðfélaginu arði og atvinnulífinu aukinni samkeppnishæfni. Sé stuðningur dreginn til baka vegna vanefnda eignast sjóðurinn allar niðurstöður verkefnisins sem skilað hefur verið til hans og getur hann þá birt þær kvaðalaust.

Þátttakendur í samstarfsverkefnum sem studd eru af sjóðnum skulu gera samning sín í milli um eignar- og nýtingarrétt á niðurstöðum. Hægt er að fá drög að slíkum samningi hjá starfsmönnum Tækniþróunarsjóðs.

7. EFTIRFYLGNI

Starfsmenn Tækniþróunarsjóðs annast eftirfylgni verkefna og greiðslur framlaga í umboði stjórnar Tækniþróunarsjóðs. Við eftirfylgni samþykktra verksamninga notar Tækniþróunarsjóður þrjár tegundir skýrslna auk samnings: Framvindu-, áfanga- og lokaskýrslur. Skýrslunum er skilað til Tækniþróunarsjóðs á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á vefsíðu sjóðsins.

Greiðslur úr Tækniþróunarsjóði eru háðar framvindu verkefnanna samkvæmt skýrslum og mati starfsmanna Tækniþróunarsjóðs.

7.1. FRAMVINDUSKÝRSLUR

Skila ber einni framvinduskýrslu á miðju tímabilinu. Á framvinduskýrslu kemur fram yfirlit yfir áfallinn heildarkostnað á tímabilinu. Kostnaðaryfirlitið skal byggja á greinargerðum frá hverjum og einum þátttakanda undirritað og staðfest af verkefnisstjóra. Gera skal grein fyrir framvindu verkefnisins. Þar eru vörður og áfangar sem verkefnisstjóri og umsjónarmaður verkefnisins hjá Tækniþróunarsjóði samþykktu þegar samningur um verkefnið var undirritaður. Samþykki umsjónarmaður verkefnisins hjá Tækniþróunarsjóði framvinduna er greiðsla heimiluð.

7.2. ÁFANGASKÝRSLUR

Áfangaskýrslu, undirritaðri af verkefnisstjóra, skal skila í lok samningsárs þegar um er að ræða verkefni sem skilgreint var til tveggja eða þriggja ára. Áfangaskýrslan er ígildi framhaldsumsóknar, sem skal metin af umsjónarmanni verkefnisins hjá Tækniþróunarsjóði og gerir hann tillögu um afgreiðslu til stjórnar. Í lok samningsárs skal, ásamt áfangaskýrslu, skila verkþókhaldi fyrir verkefnið þar sem talinn er fram kostnaður vegna einstakra verkþátta, heildarkostnaður verkefnisins og framlög þátttakenda þar með talið vinnuframlag auk nýjasta ársreikningi fyrirtækisins. Kostnaðarbókhald skal vera hreyfingalisti úr bókhaldi og/eða sundurliðað kostnaðaruppgjör vegna verkefnisins.

7.3. LOKASKÝRSLUR

Lokaskýrsla, undirrituð af endurskoðanda eða fjármálastjóra fyrirtækis/stofnunar og verkefnisstjóra, skal veita greinargott yfirlit yfir framvindu verkefnisins, hindranir og hvata og lýsa vel niðurstöðum verkefnisins. Meðfylgjandi skal vera hreyfingalisti úr bókhaldi og/eða sundurliðuðu kostnaðaruppgjör vegna verkefnisins, ásamt yfirliti yfir framlög allra þátttakenda þar með talið vinnuframlag og nýjasti ársreikningur fyrirtækisins. Greint skal einnig frá hvernig þátttakendur hyggjast nota niðurstöðurnar til frekari framþróunar. Með lokaskýrslu skal fylgja stuttur útdráttur sem sjóðnum er heimilt að birta í skýrslu um starfsemi sína og á vefsíðu Rannís.

7.4. ÖNNUR EFTIRFYLGN VERKEFNA

Verkefnisstjóri ber ábyrgð á að haldið sé sérstakt kostnaðarbókhald hjá hverjum þátttakanda fyrir verkefni er hljóta stuðning Tækniþróunarsjóðs. Verkefnistjórinn skal á hverjum tíma hafa yfirlit yfir heildarkostnað verkefnisins og skal veita Rannís aðgang að bókhaldsgögnum þegar þess er óskað.

Verkefnisstjórar eru hvattir til að gera viðeigandi breytingar á verkáætlun á verktíma ef það þjónar hagsmunum verkefnisins. Umtalsverðar breytingar á verkáætlun, fjárhagsáætlun eða samstarfsaðilum á verktíma þurfa samþykki starfsmanna Tækniþróunarsjóðs. Sjóðurinn getur dregið framlagið til baka og krafist endurgreiðslu þess ef breytingar eru gerðar án samþykkis sjóðsins.

7.5. FRAMHALDSVERKEFNI (VERKEFNI TIL TVEGGJA EÐA ÞRIGGJA ÁRA)

Verkefni, sem eru til tveggja eða þriggja ára, eru samþykkt til eins árs í senn og þarf umsækjandi að sækja um framhaldsstyrk (sjá [kafla 7.2.](#)). Við mat á framhaldsverkefnum er höfð hliðsjón af framvindu, þ.e.a.s.:

- Framvindu undanfarið ár miðað við upprunaleg markmið og tæknilegar vörður í verkefninu. (Varða er skref að áfanga, ein varða eða fleiri geta verið í áfanga.)
- Mati á líkum þess að markmið (afrakstur) verkefnisins náist.
- Hvernig umsækjandi hyggst taka á breytingum á verkáætlunum þar sem það á við.

Skuldbindingar Tækniþróunarsjóðs geta ekki gengið lengra en sem nemur framlagi til sjóðsins á fjárlögum. Styrkir til framhaldsumsóknna eru háðir áframhaldandi framlögum á fjárlögum til Tækniþróunarsjóðs.

8. SKILGREININGAR

8.1. MINNIHÁTTAR AÐSTOÐ (DE MINIMIS)

Reglugerð ESB um minniháttar aðstoð⁶ heimilar veitingu aðstoðar sem nemur allt að 200 þúsund evrum til hvers viðtakanda, yfir þriggja ára tímabil. Í þeim styrkjum Tækniþróunarsjóðs sem falla undir minniháttar aðstoð lýsa styrkþegar því yfir að þeir hafi ekki á síðastliðnum tveimur reikningsárum auk yfirstandandi reikningsárs, fengið styrki frá opinberum aðilum sem teljast til minniháttar aðstoðar, sem nema hærrí upphæð en 200.000 evrum að meðtöldum þeim styrk sem sótt er um. Ef heildarstyrkur minniháttar aðstoðarinnar, að meðtöldum þeim styrk sem sótt er um, fer yfir 200.000 evrur getur styrkþegi ekki hlotið neinn hluta þess styrks sem sótt er um. Við mat á því hvort framangreindu hámarki er náð, skal reikna styrkígildi aðstoðar, sem veitt er í öðru formi en beinum styrkjum (t.d. lán með hagstæðum kjörum) samkvæmt reglum Eftirlitsstofnunar EFTA. Í þessu sambandi eru þó undanskildir sérstakir styrkir sem aðili hefur fengið samkvæmt styrktarreglum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt.

8.2 ILLA STÖDD FYRIRTÆKI

Fyrirtæki sem eru eldri en þriggja ára og eru illa stödd geta ekki hlotið styrk úr Tækniþróunarsjóði⁷ í þeim styrktarflokkum sem falla utan minniháttar aðstoðar. Í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA⁸ er litið svo á að fyrirtæki sé illa stödd þegar þannig stendur á að komi ekki til íhlutunar hins opinbera má telja víst að það neyðist til að hætta starfsemi innan eins eða fárra ára. Í samræmi við þetta er fyrirtæki talið illa stödd ef að minnsta kosti einar eftirtalinna aðstæðna koma upp:

- a) Þegar þannig stendur á í hlutafélagi að fjárhæð sem nemur meira en helmingi útgefins hlutafjár hefur farið forgörðum vegna taprekstrar á löngum tíma. Sú er raunin ef þannig stendur á að þegar uppsafnað tap er dregið frá eigin sjóðum fyrirtækisins (að meðtöldum öllum öðrum þáttum sem venjulega teljast til eiginfjár þess) er niðurstaðan neikvæð samtala sem nemur hærrí fjárhæð en helmingi útgefins hlutafjár.
- b) Þegar um er að ræða félag þess eðlis að a.m.k. sumir eigendanna bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldum þess er átt við stöðu mála þar sem meira en helmingur af bókfærðu eigin fé hefur farið forgörðum vegna taprekstrar á löngum tíma.
- c) Þegar fyrirtækið sætir skiptameðferð vegna ógjaldfærni að sameiginlegri ósk kröfuhafa eða fullnægir skilyrðum landslaga fyrir því að kröfuhafar geti óskað slíkrar málsmeðferðar.
- d) Þegar um ræðir fyrirtæki önnur en lítil og meðalstór er átt við aðstæður þar sem eftirfarandi hefur átt við undangengin tvö ár:
 - i. hlutfall bókfærðra skulda af eiginfé hefur verið hærra en 7,5 og
 - ii. vaxtaþekja sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBITDA) hefur verið undir 1,0.

⁶ <http://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements/icelandic/2014-is/su-nr-36-is-12-06-2014.pdf#page=652>

⁷ <http://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements/icelandic/2015-is/su-nr-44-is-06-08-2015.pdf>

⁸ <http://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements/icelandic/2015-is/su-nr-62-is-15-10-2015.pdf>

Ef að fyrirtæki eða samstarfsfyrirtæki í verkefni sem hlýtur styrk úr Tækniþróunarsjóði lendir í fjárhagsvanda á styrktímanum, ber verkefnisstjóra verkefnisins að upplýsa starfsmenn Tækniþróunarsjóðs um það svo fljótt sem verða má.

8.3 STÆRÐ FYRIRTÆKJA

Lítið fyrirtæki: Fyrirtæki sem er með færri en 50 starfsmenn og er með árlega veltu undir 10 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 10 milljónum evra sbr. I. viðauka reglugerðar framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) nr. [651/2014](#) frá 17. júní 2014.

Meðalstórt fyrirtæki: Fyrirtæki sem er með á bilinu 50-250 starfsmenn og er með árlega veltu undir 50 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 43 milljónum evra sbr. I. viðauka reglugerðar framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) nr. [651/2014](#) frá 17. júní 2014.

Stórt fyrirtæki: Fyrirtæki sem er með fleiri en 250 starfsmenn sbr. I. viðauka reglugerðar framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) nr. [651/2014](#) frá 17. júní 2014.

9. FORMKRÖFUR

Áður en umsókn fer til umfjöllunar hjá fagráði fara starfsmenn Tækniþróunarsjóðs yfir umsóknir og kanna hvort þær uppfylli eftirtaldar kröfur sjóðsins.

9.1 FORMKRÖFUR FYRIR SPROTA

FORMKRÖFUR	JÁ	NEI
Er umsóknin fullgerð (s.s. allir kaflar útfylltir, skylduskjöl vísa ekki í breytanleg ytri gögn og umsókn er án „track changes“ og „commenta“)?		
Fylgir skjalið „Verkefnislýsing“ með umsókn?		
Er skjalið „Verkefnislýsing“ í samræmi við kafla 3.3 ?		
Er skjalið „Verkefnislýsing“ í sniðmáti Tækniþróunarsjóðs fyrir viðkomandi umsóknarfrest?		
Er aðalumsækjandi einstaklingur eða fyrirtæki?		
Er aðalumsækjandi fyrirtæki yngra en 5 ára eða fellur undir undanþágu á aldri fyrirtækis í kafla 2.1 ?		
Er kostnaður vegna markaðsinnviða innan við 10% af heildarkostnaði verkefnisins?*		
Er hlutdeild aðalumsækjanda í styrkuppþæð 60% eða hærrí?*		

*tilheyir eingöngu öðru þrepi umsóknar

Ef svarið við einhverri ofantalinna spurninga er nei þá uppfyllir umsóknin ekki lágmarkskröfur Tækniþróunarsjóðs og er vísað frá af stjórn sjóðsins og fær ekki frekara mat.

9.2 FORMKRÖFUR FYRIR VÖXT

FORMKRÖFUR	JÁ	NEI
Er umsóknin fullgerð (s.s. allir kaflar útfylltir, skylduskjöl vísa ekki í breytanleg ytri gögn og umsókn er án „track changes“ og „commenta“)?		
Fylgir skjalið „Verkefnislýsing“ með umsókn?		
Fylgir skjalið „Útreikningar“ með umsókn?		
Er skjalið „Verkefnislýsing“ í samræmi við kafla 3.3 ?		
Er skjalið „Verkefnislýsing“ í sniðmáti Tækniþróunarsjóðs fyrir viðkomandi umsóknarfrest?		
Er skjalið „Útreikningar“ í sniðmáti Tækniþróunarsjóðs fyrir viðkomandi umsóknarfrest?		
Eru taldar upp tekjur í skjalinu „Útreikningar“ (flípi „Rekstur“) með útskýringum í sama skjali (flípi „Forsendur veltu“), óháð því hvort útskýringar sé að finna annars staðar í umsóknargögnum?		
Ef talin eru upp innlend verðmæti í skjalinu „Útreikningar“ (flípi „Innlend verðmæti“) eru útskýringar í sama skjali (flípi „Forsendur innlendra verðmæta“), óháð því hvort þær sé að finna annars staðar í umsóknargögnum?		
Er kostnaður vegna markaðsinnviða innan við 20% af heildarkostnaði verkefnisins?		
Er aðalumsækjandi lítið eða meðalstórt fyrirtæki (opinber fyrirtæki geta ekki verið aðalumsækjandi)		

Ef svarið við einhverri ofantalinna spurninga er nei þá uppfyllir umsóknin ekki lágmarkskröfur Tækniþróunarsjóðs og er vísað frá af stjórn sjóðsins og fá ekki frekara mat hjá sjóðnum.

9.3 FORMKRÖFUR FYRIR MARKAÐ

FORMKRÖFUR	JÁ	NEI
Er umsóknin fullgerð (s.s. allir kaflar útfylltir, skylduskjöl vísa ekki í breytanleg ytri gögn og umsókn er án „track changes“ og „commenta“)?		
Fylgir skjalið „Verkefnislýsing“ með umsókn?		
Fylgir skjalið „Útreikningar“ með umsókn?		
Er skjalið „Verkefnislýsing“ í samræmi við kafla 3.3 ?		
Er skjalið „Verkefnislýsing“ í sniðmáti Tækniþróunarsjóðs fyrir viðkomandi umsóknarfrest?		
Er skjalið „Útreikningar“ í sniðmáti Tækniþróunarsjóðs fyrir viðkomandi umsóknarfrest?		
Eru taldar upp tekjur í skjalinu „Útreikningar“ (flipi „Rekstur“) með útskýringum í sama skjali (flipi „Forsendur veltu“), óháð því hvort útskýringar sé að finna annars staðar í umsóknargögnum?		
Ef talin eru upp innlend verðmæti í skjalinu „Útreikningar“ (flipi „Innlend verðmæti“) eru útskýringar í sama skjali (flipi „Forsendur innlendra verðmæta“), óháð því hvort þær sé að finna annars staðar í umsóknargögnum?		
Er umsækjandi lítið eða meðalstórt fyrirtæki sem varði að lágmarki 10% af veltu til R&D á síðasta reikningsári?		
Eru aðeins taldir upp samþykktir verkþættir og kostnaðarliðir sbr. upptalningu í kafla 2.6 ?		
Ef umsækjandi er dótturfélag, er móðurfélagið skráð félag á Íslandi?		

Ef svarið við einhverri ofantalinna spurninga er nei þá uppfyllir umsóknin ekki lágmarkskröfur Tækniþróunarsjóðs og er vísað frá af stjórn sjóðsins og fá ekki frekara mat hjá sjóðnum.